

Nd.

41. Frumvarp

til laga um einkasölu landsstjórnarinnar á kolum.

Flutningsmaður: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Landsstjórninni veitist einkaheimild til innflutnings á kolum hingað til landsins. Skal hún jafnan sjá um, að ætíð sjeu nægar birgðir af kolum í landinu. Kolin skal selja kaupfjelögum, bæjarfjelögum, sveitarfjelögum, kaupmönnum og öðrum, samkvæmt nánari fyrirmælum, er landsstjórnin setur.

Til framkvæmda þessu má stjórnin verja fje úr landssjóði eða taka peningalán, eftir því sem nauðsyn krefur.

2. gr.

Landsstjórnin skal hafa sjerstakt reikningshald yfir kolaverslunina, svo að ætíð sje fljótlega hægt að sjá, hvernig verslunin stendur, og ber í því skyni að fara eftir fyrirmælum laga um verslunarbækur, nr. 53, 11. júlí 1911.

3. gr.

Tveir menn skulu endurskoða ársreikning verslunar þessarar. Velur Alþýðusamband Íslands annan manninn, en Útgerðarmannafjlagið í Reykjavík

hinn. Endurskoðendur landsreikninganna skulu einnig fá reikningana til yfirlits og umsagnar.

4. gr.

Skylt skal stjórninni að hafa jafnan góð skipa- og húsakol, og skipakol sjerstaklega á þeim höfnum, sem skipakomur eru tíðar og kola þurfa með.

5. gr.

Auk alls tilkostnaðar skal landsstjórnin leggja á kolin sem svarar kr. 1,50 á hverja smálest, og renni arðurinn í landssjóð.

6. gr.

Meðan landsstjórnin hefir einkaheimild þá, sem ræðir um í 1. gr., er engum öðrum leyfilegt að flytja til landsins kol eða afhenda í landhelgi. Strandi hjer við land skip, er kol hefir innanborðs, sem ekki eru eign landsstjórnarinnar, má selja þau við opinbert uppboð, eins og lög standa til. Af hverri smálest af slíkum kolum skal greiða í landssjóð kr. 2,00.

7. gr.

Brot gegn 6. gr. laga þessara varða sektum, alt að 100,000 krónum, og skulu ólöglega innflutt kol upptæk. Andvirði þeirra og sektarfjeð rennur í landssjóð. Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Um leið og landsstjórnin byrjar kolaverslunina, fellur vörutollur sá niður af kolum, sem ákveðinn er í lögum nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll.

9. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda strax að striðinu loknu.

Ástæður fyrir lagafrumvarpi þessu.

Það er alkunnugt, að kolaverslunin hjer á landi er í fárra manna höndum. Að þeirri verslun standa voldug fjelög og með svo miklu fjármagni að baki, að öll samkepni er útilokuð. Þetta hefir undanfarið mjög berlega komið í ljós. Þá sjaldan það hefir átt sjer stað, að einstakir menn hafa fengið skipsfarma af kolum og þeir verið komnir hjer á höfn, hafa sumir þeirra verið seldir þeim, er reka nú aðallega kolaverslunina.

Eitt fjelag hefir nú undanfarið haft að kalla alla kolaverslunina hjer sunnanlands, og í hinum landsfjórðungunum öllum er kolaverslunin aðallega í höndunum á 2—3 mönnum. Það er því augljóst, að hjer er ekki um neina samkepni að ræða hvað kolaverslunina snertir.

Mun ekki of mælt, þótt sagt sje, að almenningur greiði nú miklu hærra verð fyrir þessa vöru heldur en ef samkepni væri um sölu á henni.

Margir hafa álitnið undanfarið, að sjálfsagt væri að landsstjórnin tæki að sjer alla kolaverslunina, bæði til að afla landssjóði tekna, og eins til þess að

losa almenning við að greiða óeðlilega hátt verð fyrir þessa lífsnauðsyn. Nú má kalla, að allir krefjist þess að landsstjórnin taki að sjer kolaverslunina, þeir sem ekki hafa beinlínis hag af því, að hún sje rekin áfram á sama hátt og síðustu árin undanfarin.

Krónu og fimtiú aura (og tveggja króna) álagningin miðar að því að afla landssjóði tekna. Má gera ráð fyrir, að hann fái þar um 150 þús. kr. tekjuauka á ári, nú fyrst um sinn, en vex vafalaust mjög bráðlega.

Nokkuð gæti þessi tekjuauki stuðlað að því, að breytá mætti núverandi skattalöggjöf í hagkvæmara horf almenningi.